


VATNAKERFI STRAUMFJARÐARÁR
FISKIRANNSÓKNIR 1988

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, janúar 1989 VMST-V/89002X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - VESTURLANDSDEILD
Kveldúlfsgötu 2A, 310 Borgarnesi.

1. INNGANGUR

Hér verður greint frá niðurstöðum athugana á laxastofni Straumfjarðarár sem fram fóru í lok ágúst 1988. Rannsóknir í vatnakerfi Straumfjarðarár hófust 1986 og hafa farið fram á hverju ári frá þeim tíma. Þessar athuganir felast í árlegu eftirliti með seiðamagni og vexti seiða og tilraunum í fiskrækt í vatnakerfinu. Þannig hafa ófiskgeng svæði ofan fossa verið nýtt með sleppingum sumaralinna seiða 1987 og 1988 og hefur hluti seiðanna verið örmerktur þannig að hægt sé að meta árangur af slíkum sleppingum.

2. ADFERDIR

Árlega eru mælingar gerðar á 6 stöðum í ánni og eru sömu svæði veidd frá ári til árs þannig að samanburður sé sem raunhæfastur (Mynd 1). Einnig var veitt á ófiskgenga hluta árinna til að kanna árangur af sleppingu sumaralinna seiða árið áður. Aðferðum við rafveiðar og úrvinnslu gagna hefur áður verið lýst í fyrri skýrslum.

3. NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐUR

3.1. SEIDAATHUGANIR

Niðurstöður seiðamælinga í lok ágúst sýndu að klak hafði heppnast vel og fundust vörgömul laxaseiði á öllum veiðistöðum á fiskgenga hlutanum nema á þeim neðsta (Tafla 1). Það bendir því allt til að nýliðun hafi verið eðlileg en styrkleiki árgangsins kemur þó ekki vel fram fyrr en á næsta ári. Magn eins árs seiða reyndist einnig mjög svipað og undanfarin ár og er það í samræmi við mælingar 1987 en þá reyndist klak hafa heppnast mjög vel. Magn tveggja ára seiða reyndist hins vegar nokkru minna en 1987 en var svipað og mældist 1986 (Mynd 2). Tiltölulega litlar breytingar hafa því orðið á framleiðslu náttúrulegra seiða síðustu 3 árin. Allur fiskgengi hlutinn nýtist vel til hrygningar og uppeldis en svæðið frá brú og upp að fossi er þó mun betra uppeldis-svæði eins og vikið hefur verið að í fyrri skýrslum.

Vöxtur seiðanna var góður í ánni (Tafla 2) og ekki sjáanlegar vaxtarbreytingar á milli ára. Aín skilar þannig af sér

TAFLA 1

ÞETTLEIKI LAXASEIDA Í STRAUMFJARDARA (FJOLDI
Í EINNI YFIRFERÐ A 100²) 24 AGUST 1988

<u>STADUR</u>	<u>0+</u>	<u>1+</u>	<u>2+</u>	<u>3+</u>	<u>ALLS</u>
1	-	5,1	-	-	5,1
2	1,7	10,0	2,1	-	13,8
3	0,8	4,6	-	-	5,4
4	10,4	8,5	-	-	18,9
5	6,1	10,8	2,9	0,5	20,3
6	1,5	7,1	1,3	0,2	10,1
7	-	0,4	-	-	0,4

TAFLA 2

VOXTUR LAXASEIDA Í STRAUMFJARDARA 24.08.88

<u>STADUR</u>	<u>0+</u>			<u>1+</u>			<u>2+</u>			<u>3+</u>		
	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>
1	-	-	-	6,7	0,43	10	-	-	-	-	-	-
2	4,1	0,22	4	6,7	0,59	24	9,5	0,81	5	-	-	-
3	3,7	-	2	6,0	0,48	12	-	-	-	-	-	-
4	3,6	0,23	28	5,9	0,41	23	-	-	-	-	-	-
5	3,9	0,23	27	6,0	0,51	49	8,4	0,69	13	10,5	-	2
6	3,0	0,15	7	6,0	0,40	34	8,7	0,56	6	10,5	-	1
7	-	-	-	11,6	-	2	-	-	-	-	-	-

gönguseiðum að stærstum hluta eftir þriggja ára ferskvatnsdvöl. Lengdardreifing og aldur laxaseiða á einstökum veiðistöðum kemur nánar fram á Mynd 3.

3.2. SLEPPINGAR

Sleppingar sumaralinna laxaseiða á ófiskgenga hluta Straumfjarðarar hófust 1987 en þá var seiðum dreift á allan árhlutann frá fossinum fyrir ofan dal upp að Baulárvalla vatni. Alls var sleppt um 10000 seiðum og voru um 2000 seiði merkt til að meta árangur sleppinganna. Árið 1988 var sleppt um 9000 seiðum, þar af 2000 merktum og var þeim sleppt í Baulárvallavatn til að kanna árangur af slíkum sleppingum í vatnið.

Rafveitt var á 2 stöðum skammt fyrir ofan foss. Á neðri staðnum fengust 2 seiði bæði örmerkt og á þeim efri fékkst ekkert seiði. Þessar niðurstöður benda til að meginhluti seiðanna hafi náð göngustærð haustið 1987 og því gengið að verulegu leyti til sjávar vorið 1988. Því er von á fyrstu heimtum þessara sleppinga sumarið 1989.

3.3. KLAKVEIDI

Starfsmenn fiskeldisstöðvarinnar að Laxeyri tóku klakfisk úr ánni þann 10 október 1988. Alls fengust 20 hrygnur og 13 hængar. Ein hrygnan var veiðiuggaklippt og reyndist vera örmerkt og hafði verið sleppt frá hafbeitarstöð Silfurlax h/f í Hraunsfirði vorið 1987. Straumfjarðará á upptök sín að hluta til í Hraunsfjarðarvatni þannig að hugsanlega getur fiskur úr Hraunsfirði villst upp í Straumfjarðará af þessum sökum. Miklu magni seiða var sleppt í Hraunsfjörð vorið 1988 og fyrirhugaðar eru sleppingar þar jafnvel milljón seiða eða meira. Á næstu árum er því hugsanlegt að mikið af fiski villist upp í Straumfjarðará af þessum sökum.

4. RÁÐLEGGINGAR

1. Strax næsta sumar verði hver einasti fiskur sem veiðist athugaður með tilliti til merkinga. Sumarið 1989 er þannig von á fiski sem ættaður er úr smáseiðasleppingum og einnig


gæti fiskur t.d úr hafbeit villst upp í ána.

2. Æskilegt er að taka hreistursýna hefjist næsta sumar. Slíkar rannsóknir geta gefið svör við árangri fiskræktar í ánni og einnig gefið vísendingar um það hvort eldisfiskur villst upp í vatnakerfið. Taka þarf reglulega sýni allt sumarið og væri t.d hægt að miða við að ákveðinn vikudagur yrði notaður til töku hreistursýna allt sumarið.

3. Einnig er mælt með að seiðarannsóknir verði áfram með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár.


MYND 1:

VATNAKERFI STRAUMFJARDARAR. RAFVEIDISTADIR ERU SYNDIR MED
NUMERUM.







MYND 2:

MEDALSEIDAPETTLEIKI A VEIDISTODUM I VATNAKERFI STRAUM-
FJARDARAR ARIN 1986-1988



MYND 3:

LENGDARDREIFING OG ALDUR LAXASEIDA A VEIÐISTODUM I STRAUM-
FJARDARA 24. AGUST 1988.



MYND 3: FRAMHALD

